



Reykjavík, 24. apríl 2024

MSS24040131

ep

Umhverfis- og skipulagsráð

Tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um Hæðargarð – bætt umferðaröryggi

Á fundi íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis þann 23. apríl 2024, var samþykkt meðfylgjandi tillaga íbúaráðs Háaleitis og Bústaðahverfis um Hæðargarð – bætt umferðaröryggi.

Óskað er eftir að tillagan sé tekin til afgreiðslu á fundi umhverfis- og skipulagsráðs

Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnslá
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Tillaga ásamt greinagerð



Reykjavík



Reykjavík, 16. apríl 2024

MSS24040131

TILLAGA

Tillaga Íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um Hæðargarð – bætt umferðaröryggi

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að gerð verði úttekt á götuumhverfi Hæðargarðs með hliðsjón af öryggi óvarðra vegfarenda, sérstaklega ungra barna og unglinga, sem eiga leið um götuna til og frá skóla, leikskóla og frístund. Horft verði til hvaða mögulegu aðgerða megi grípa til að draga úr gegnumakstri og umferðarhraða í Hæðargarði.

Greinargerð:

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis telur mikilvægt að umhverfi Hæðargarðs verði skoðað með tilliti til umferðaröryggis. Hitaveitustokkurinn við Hæðargarð er mikið notuð göngu- og hjólaleið í hverfinu. Leggja ætti aukna áherslu á hlutverk götunnar sem græn meginleið um hverfið með auknum gróðri í og við götuna. Með auknum umferðarþunga á Bústaðavegi er það upplifun íbúa við Hæðargarð og þeirra sem starfa við götuna að óþarfa gegnumakstur hafi aukist og hraðakstur sömuleiðis. Rýna þarf í þessa þróun og draga fram hvaða mögulegu aðgerðir séu best til þess fallnar að draga úr gegnumakstri og minnka umferðarhraða.



Reykjavík